

Áveitan

6. tbl. 3. árgangur. júní 2009

Sameiginlegt keppnislið Baldurs, Samhygðar og Vöku *-Tillögur að nafni óskast-*

Ungmennafélögin þrjú í Flóahreppi, Baldur, Samhygð og Vaka, hafa ákveðið að tefla fram sameiginlegu keppnisliði á héraðsmót í frjálsum íþróttum í sumar. Þetta verður til reynslu í sumar en hugmyndin með þessu er að þjappa börnum og unglingum betur saman til keppni á héraðsmótum eins og tókst vel í vetur með sameiginlegum æfingum félaganna í samvinnu við Flóaskóla.

Engar skuldbindingar til félaganna fylgja þessu fyrirkomulagi og munu stig félaganna reiknast sem áður í heldarstigakeppni HSK. Liðið hefur enn ekki fengið nafn en hér með er óskað eftir tillögum að nafni. Tillögur berist til formanna félaganna fyrir 17. júní, en þeir eru:

Baldur: Haukur Gíslason haukur@floahreppur.is

Samhygð: Stefán Geirsson stegeir@hotmail.com

Vaka: Haraldur Einarsson hallieinars@hotmail.com



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@visir.is

Frá sveitarstjóra

Íbúafundur

Íbúafundur um lausagöngu búfjár, veggirðingarmál og fleira því tengdu verður haldinn í Þingborg, **fimmtudaginn 11. júní kl. 20.30.**

Athugið breyttan fundardag frá áður auglýstum tíma.

Gestur fundarins og frummælandi verður Ólafur Dýrmundsson.

Íbúar eru hvattir til að mæta á fundinn og láta í sér heyra um málefnið.

Plastlosun

Aukaferð verður farið eftir rúlluplasti 23. júlí n.k. Einungis verður farið til þeirra sem eftir því óska. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 frá kl. 9:00 – 13:00 alla virka daga til mánudagsins 20. júlí n.k.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2009 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 6. maí s.l. Helstu breytingar voru þær að gert er ráð fyrir hærri skatttekjum en reiknað var með eða útsvari og tekjujöfnunarframlagi og að vextir af innistæðum verði hærri en í upphaflegri áætlun.

Helstu hækkanir á kostnaðarliðum eru vegna hreinsunarmála, sorphirðu og seyrulosunar.

Í heild er gert ráð fyrir um 20 mkr. rekstarafgangi í stað 13 mkr. rekstrarhalla eða um 33 mkr. hærri rekstrarniðurstöðu en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Endurskoðaða áætlun má sjá á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Þriggja ára fjárhagsáætlun

Þriggja ára fjárhagsáætlun Flóahrepps 2010-2012 var tekin fyrir til seinni umræðu og samþykkt á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Áætlun gerir ráð fyrir óbreyttum skatttekjum á tímabilinu miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2009.

Gert er ráð fyrir að kennsla 8. – 10. bekkjar flytjist úr Vallaskóla í Flóaskóla á tímabilinu og er reiknað með auknum launakostnaði og rekstarkostnaði í Flóaskóla vegna þeirra breytinga.

Rekstur annarra málaflokka og sjóða er óbreyttur miðað við endurskoðaða

fjárhagsáætlun 2009.

Áætlun er á föstu verðlagi en gert ráð fyrir 4% verðlagsbreytingu á verðtryggð lán og langtímakröfur. Einnig er gert ráð fyrir 15% vöxtum á handbært fé á tímabilinu.

Tekið er fram að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdir við Flóaskóla þó svo að þriggja ára áætlun geri ráð fyrir þeim.

Refaveiðar

Eins og fram hefur komið var samþykkt að endurnýja samning um grenjaleit sem gerður var á síðasta ári við Birgi Örn Arnarson.

Hann tekur að sér grenjavinnslu í Flóahreppi út grenjavinnslutímabilið eða til 31. júlí 2008. Óskað er eftir samráði og samvinnu við bændur og landeigendur í sveitarfélaginu. Þeir sem veitt geta upplýsingar um greni eða hafa séð til tófu í sveitarfélaginu, geta haft samband við Birgi í síma 891-8898.

Íbúafundur um skólamál

Haldinn var íbúafundur um skólamál í Flóaskóla 13. maí s.l. á vegum sveitarstjórnar, fræðslunefndar og skólaráðs.

Fundurinn var vel sóttur af íbúum sveitarfélagsins. Í upphafi fundar rakti Aðalsteinn Sveinsson, oddviti þá vinnu sem sveitarstjórn hefur nú þegar látið vinna og möguleika sveitarfélagsins á fjármögnun framkvæmda. Ákveðið hefur verið að kenna 8. bekk við Flóaskóla næsta skólaár og hugmyndir eru um að flytja einn bekk á ári frá Vallaskóla á Selfossi í Flóaskóla þannig að allt grunnskólastigið verði kennt við Flóaskóla frá hausti 2011.

Verið er að vinna deiliskipulag á lóð við Flóaskóla og Þjórásarver sem taka tillit til stækkunar skóla í framtíðinni. Sveitarstjórn hefur einnig ákveðið að láta hanna viðbyggingu skólahúsnæðis við Flóaskóla.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri fór fyrir vinnu stýrihóps sem skipaður var til að koma með tillögur að þróun/stækkun skóla. Fram kom að markmið stýrihóps var að nýta það húsnæði sem er þegar til staðar og kanna möguleika á hugsanlegri viðbyggingu á sem hagkvæmastan hátt. Stýrihópurinn fékk Ara Guðmundsson og Ingunni Gunnarsdóttur hjá Verkís til að vinna þarfagreiningu og rýmisáætlun fyrir skólann og koma með tillögur að viðbyggingu við skólann.

Ari fór síðan yfir þarfagreiningu Flóaskóla. Þar var gert ráð fyrir almennri fólksfjölgun í sveitarfélaginu um 4% á ári. Við þarfagreiningu var lögð áhersla á að hafa þarfir notenda í huga, að nýting rýma væri skynsamleg og að gæði vegna notkunar væri framar fagurfræðinni. Einnig var horft til þess að rekstur væri hagkvæmur í byggingunni.

Önnur atriði sem horft var til voru þau að uppfylla aðgengi fatlaðra og náð verði sem bestri nýtingu eldri bygginga.

Margrét Helga Steindórsdóttir, nemandi í 7. bekk Flóaskóla fór yfir starfsemi

skólaráðs og ný lög um skólaráð. Skólaráð er skipað 9 fulltrúum sem skipaðir eru til tveggja ára í senn og eru samansettir af helstu hagsmunaaðilum. Talsverðar umræður urðu að loknu yfirliti og óskað upplýsinga um ýmis atriði, s.s. rýmisþörf, þarfir unglinga og yngri nemenda og hvernig þær fara saman, kostnað vegna viðbótarreksturs og framkvæmdir og áætlun sveitarstjórnar um að standa undir þeim kostnaði. Einnig var spurt um vilja unglinganna sjálfra, sameiningar sveitarfélaga og hvaða ferli sé framundan.

Íbúafundur um Staðardagskrá 21

Strax að loknum íbúafundi um skólamála 13. maí s.l. var haldinn íbúafundur á vegum Staðardagskrárnefndar í Flóahreppi.

Á fundinum kynnti Hafsteinn Hafliðason, formaður nefndar hvað Staðardagskrá 21 væri. Í kynningu kom fram að Staðardagskrá 21 sé velferðaráætlun sem sveitarfélög vinna að hvert um sig þar sem horft er á þróun samfélagsins til langs tíma og sett niður áætlun um þau verkefni sem þarf að hrinta í framkvæmd eða áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi um sig til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21. öld, þróun sem tryggir komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál í venjulegum skilningi heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta.

Farið var yfir þá málaflokka sem nefnd um Staðardagskrá í Flóahreppi hefur sett á oddinn en þeir eru:

Drykkjarvatn, fráveitumál, mengun, úrgangsmál, skipulagsmál, atvinnulíf, stofnanir sveitarfélagsins, matvælaframleiðsla, mannlíf og félagsheilsa og samgöngur og fjarskipti.

Fundarmönnum var skipt í þrjá hópa sem settu á blað hugmyndir hópsins um hvern málaflokk, hvernig staðan væri í dag og hvernig fólk vildi sjá viðkomandi málaflokk í framtíðinni.

Frekari úrvinnsla bíður betri tíma og verður kynnt þegar hún er tilbúin.

Viðhald húsnæðis Flóahrepps

Átaksverkefni er í gangi í Flóahreppi með Vinnumálastofnun um viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélagsins. Þetta er tveggja mánaða verkefni sem tveir aðilar taka þátt í og verður lögð áhersla á að annast viðhald utanhúss við félagsheimilið Þingborg, félagsheimilið Félagslund, Skólatún þar sem áformað er að kennsla 8. bekkjar fari fram næsta skólaár, breytingu á leiksvæði við Flóaskóla og jafnvel eitthvað fleira.

Það er ánægjulegt að segja frá því að verkefnið fer afar vel af stað enda starfsmenn þess frábærir starfskraftar og nú þegar má sjá árangur af vinnu þeirra við félagsheimilið Þingborg.

Langholtsvegur

15 verktakafyrirtæki buðu í endurgerð 3,2 km Langholtsvegur frá hringvegi að vegamótum Ármóta og Langholtsbæja. Lægstbjóðandi í verkið, kr. 32,5 mkr. voru Ísgröfur ehf á Flúðum. Verklök eru áætluð 15. september n.k.

Þetta kemur fram á heimasíðu Vegagerðarinnar og það er ánægjulegt að sjá að svo virðist sem af framkvæmdum verði en á tímabili var óvíst með það.

Til hamingju

Fermingarbörn ársins fá innilegar hamingjuóskir með áfangann.

Heimasíðan

Ég minni á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is. Allt efni, fréttir, myndir og auglýsingar vel þegið til að krydda síðuna og gera hana sem líflig-asta.

Frá Hrossaræktardeild Villingaholtshrepps sumarið 2009

Glæsifolinn Dökkvi IS2006186183 frá Bakkakoti verður til afnota í Yrpholtsgirðingunni í sumar frá júníbyrjun. Dökkvi er undan IS1997186541 Rökkva frá Hárlaugstöðum og IS1999284192 Rán frá Bakkakoti. Dökkvi vann ungfolasýningarnar á Hellu og í Ölfushöllinni.

Folatollur undir Dökkva er 15.000 + girðingargjald og sónarskoðun.

Tekið verður á móti merum undir Dökkva 10. júní frá kl 19-22.

Einnig verður IS2001165890 Kaspar frá Kommu til afnota í Yrpholtsgirðingunni strax að loknu Fjórðungsmóti í sumar. Kaspar er undan IS1988165895 Gust frá Hóli og IS1992265890 Kjarnorku frá Kommu. Kaspar hefur hlotið 8,13 fyrir byggingu og 8,38 fyrir hæfileika þar af þrjár 9 fyrir tölt, vilja og geðslag, fegurð í reið og 9,5 fyrir brokk. Folatollur undir Kaspar er 50.000 +skattur +sónar og girðingargjald,ca 75.000-80.000. Nánari upplýsingar og pantanir í síma

Sigurður Kolsholti 695-4332 og 486-3332

Erling Vatnsholti 892-0373 og 486-3404

Erling Skálatjörn 898-8779 og 483-3570.

**Miðnæturmessu í Gaulverjabæjarkirkju á Jónsmessu
Þriðjudagskvöldið 23. júní verður messað í
Gaulverjabæjarkirkju kl. 23:30. Altarisganga.**

Sóknarprestur

Fjör í Flóanum 2009

Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi

5. – 7. júní 2009

Alla helgina stendur yfir ratleikur um sveitarfélagið. Lykil að ratleikum er hægt að fá í einhverju félagsheimilanna, Þingborg, Þjórsárveri eða Félagslundu. Skila þarf inn úrlausnum í síðasta lagi kl. 16:00 á sunnudeginum 7. júní í Þingborg. Úrslit verða birt á www.floahreppur.is strax eftir helgina.

Föstudagur 5. júní

Kl. 10:00 – 20:00 Sveitabúðin Sóley í Tungu er með mikið af fallegum vörum fyrir heimili og sumarbústaði. Sveitabúðin Sóley er nú 5 ára og býður 15 % afslátt af öllum vörum þessa helgi, heitt á könnunni og góður sumardrykkur.

Kl. 11:00 – 17:00 Ullarvinnslan Þingborg (Gamla Þingborg). Verslun með ullarvörur og margskonar annað handverk. Ljósmyndasýning verður í anddyri.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list Forsæti III Tré og list er lifandi listasmiðja sem varðveitir sögu haglegs og uppfinninga. Kynnir tréskurðarlist og sérstakt handverk. Sýning verður á málverkum Önnu Hrefnudóttir. Aðgangseyrir kr. 500.-

Kl. 13:00 – 22:00 Félagsheimilið Þingborg Ýmis smádyr til sýnis og ungar skriða úr eggjum. Einnig verða handverk og listmunir til sýnis bæði úti og inni, þar á meðal verður listamaðurinn Liston með sýningu á skúlptúrum við félagsheimilið.

Kl. 13:00 – 16:00 Skrifstofa Flóahrepps Þingborg Opið hús, ljósmyndir og listaverk úr leikskólanum til sýnis. Boðið verður upp á kaffi og kleinur.

Kl. 13:00 – 15:00 Leikskólinn Krakkaborg Þingborg Opið hús hjá leikskólanum. Allir velkomnir í heimsókn að kynna sér starfsemi leikskólans.

Kl. 16:00 Félagsheimilið Þingborg Opnun myndlistarsýningar hjá Myndlistafélagi Árnassýslu. Fiðluhópur Maríu Weiss spilar við opnunina.

Kl. 20:30. Íþróttavöllurinn við Þjórsárver Ungmennafélagið Vaka stendur fyrir fjölskylduskemmtun á útsvæðinu við Þjórsárver. Kveikt verður upp í kolunum og er fólk hvatt til að taka með sér eitthvert góðgæti á grillið. Haldin verður æsispennandi áskorendakeppni í reiptogi og úr því skorið hver hreystimenni Flóahrepps eru.

Laugardagur 6. júní

Kl. 09:00 -12:00 Félagslundur Morgunmatur í boði Fjörs í Flóanum og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomir í notalega samverustund og kjarngóðan morgunmat.

Kl. 09:00 -17:00 Félagslundur Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps mun hrista margt fram úr erminni eins og þeim er von og vísa. M.a verður sýning á sparifötum barna fyrr og nú, flóamarkaður og kökubasar. Þá verða sölubasar með ýmsu handverki á staðnum. Athugið að enginn posi fyrir greiðslukort er á staðnum

Kl. 09:30 -15:00 Gaulverjaskóli Opið hús í Gaulverjaskóla þar sem nú er verið að setja á stofn farfuglaheimili. Unnið hefur verið að endurbótum á þessu gamla skólahúsi í vetur en þar verður rekin ferðaþjónusta. Allir velkomir að kynna sér endurbætur hússins og fyrirhugaða starfsemi.

Kl. 09:30 – 16:00 Vallarhjáleiga Eyðibýlið sem varð að sumarbústað. Skoðið

safngripina í fjósinu, gamla traktora og nýuppgerð gamaldags eldhús. Steyptir handmálaðir garðmunir til sölu, "Steypakunst".

Kl. 10:00 – 20:00 Sveitabúðin Sóley í Tungu. Opið eins og á föstudag.

Kl. 10:00 – 14:00 Brandshús 4 Opið hús í hæsnakofanum í Brandshúsum 4. Kynntar verða íslenskar landnámsþætur, hvítar bréfdúfur, fashanar og kornþætur. Egg til sölu.

Kl. 11:00 Félagslundur Umf Samhygð stendur fyrir leikjum fyrir gesti og gangandi. Hoppukastali á staðnum. Inni í félagsheimilinu verða myndir úr starfi félagsins til sýnis.

Kl. 11:00 – 17:00 Ullarvinnslan Þingborg (Gamla Þingborg) Verslun með ullarvörur og margskonar annað handverk. Ljósmyndasýning í anddyri. Einnig verður til sölu grænmeti frá Akri í Laugarási.

Kl. 10:00-19:00 Félagsheimilið Þingborg Myndlistasýning Myndlistafélags Árnæssýslu. Ýmis smádyr til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Handverk og listaverk verða til sýnis bæði inni og úti, þar á meðal verður listamaðurinn Liston með sýningu á skúlptúrum við félagsheimilið. Saumastofa Jóku saumar á staðnum. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með kaffisölu.

Kl. 11:00 – 18:00 Þjósárver Skírnarkjólásýning í andyri sem spannar yfir meira en hundrað ára tímabil og ýmislegt fleira sem tengist skírn. Bútasaumsklúbbar verða með sýningu á sínum listasaumsverkum í sal. Nytjamaður sem sló í gegn í fyrra verður á loftinu. Kaffi og vöfflusala á vegum Kvenfélags Villingaholtshrepps verður allan daginn til styrktar góðgerðarmálum.

Kl. 11:00 – 14:00 Brugghúsið í Ólvisholti Opið hús, gestir geta gengið um bruggverksmiðjuna og fræðst um framleiðslu á bjór.

Kl. 11.15. Félagslundur Fyrirlestur um fôðurkerfi og lausagönguhesthús, kynning á skammtagrindum fyrir hey sem henta jafnt fyrir reiðhesta í lausagöngu og í stíum en ennfremur fyrir útigang.

Kl. 12:00 Félagslundur Ingibjörg Markúsdóttir verður með kynningu á stafgöngu.

Kl. 12:30 Gamli bærinn í Ólvisholti Til sýnis skammtagrindur fyrir hey sem henta jafnt fyrir reiðhesta í lausagöngu og í stíum en ennfremur fyrir útigang. Skammtagrindurnar eru búnar að vera í notkun síðan í vetur en um þessar mundir er verið að útbúa aðstöðu að hesthúsi þar sem hrossin geta sjálf valið hvort þau eru inni eða úti en hafa aðgang að heyi 5-6 sinnum á sólarhring. Gengið er um 300 m frá holtinu. Skammtagrindurnar opna fyrir gjöf kl. 13.00.

Kl. 13:00 – 16:00 Ferðamannafjánhús Egilsstaðakoti Opið hús. Gestum gefst tækifæri á að skoða aðstöðuna í fjárhúsunum og kynna sér starfsemina.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list Forsæti III Opið eins og á föstudag. - Einnig verður opið hús á verkstæði Ólafs í Forsæti þar sem hann mun verða við vinnu ásamt listakonunni Sigu á Grund.

Kl. 14:00-17:00 Íslenski bærinn að Austur Meðalholtum Boðið verður upp á skoðun á gamla bænum og framkvæmdum. Staðarhaldarar segja frá hvernig stofnunin er hugsuð.

Kl. 15:00 Íslenski bærinn að Austur Meðalholtum Fyrirlestur um íslenskan torfbæ og verkmenningu tengt honum. www.islenskibaerinn.com

Kl. 20:30 Kvöldvaka í Þingborg Eyjólfur Eyjólfsson tenór mun syngja. Einnig munu Eyrún Jónasdóttir, Hlín Pétursdóttir, Magnea Gunnarsdóttir og Stefán Þorleifsson

undirleikari vera með léttu söngdagskrá. Hagyrðingar munu stíga á stökk og spurningakeppni verður á milli hina fornu hreppa í Flóanum. Aðgangseyrir 500.-

Sunnudagur 7. júní

Kl. 09:30 – 16:00: Vallarhjáleiga Eyðibýlið sem varð að sumarbústað.

Kl. 10:00 – 20:00 Sveitabúðin Sóley í Tungu. Opið eins og föstudag og laugardag.

Kl. 10:00-19:00 Félagsheimilið Þingborg Opið eins og föstudag og laugardag.

Kl. 11:00 -17:00 Gaulverjaskóli Opið hús eins og á laugardag.

Kl. 11:00 -17:00 Félagslundur Opið hjá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps eins og á laugardag.

Kl. 11:00 – 18:00 Þjórsárver. Opið eins og á laugardag. Á vegum Kvenfélags Villingaholtshrepps verður súpa og brauð selt frá kl. 11:00-14:00 og kaffi og vöflur frá kl. 14:00-18:00.

Kl. 13:00 – 17:00 Ullarvinnslan Þingborg Opið eins og föstudag og laugardag.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list Forsæti III Opið eins og föstudag og laugardag.

Kl. 13:30-17:00 Félagsheimilið Þingborg Atriði úr Sjórningsprinsessunni.

Sjórningsjarnir Kapteinn Gulltönn og Rommsvelgur stýrimaður úr sýningu Leikfélags Selfoss á Sjórningsprinsessunni halda áfram sífelldri fjársjóðsleit sinni á Fjöri í Flóa og skemmta börnum á öllum aldri með leik og söng. Varúð - skiljið allt úr gulli eftir heima! Eftir það verður Kvenfélag Hraungerðishrepps með **handverksbingó**. Allir vinningar eru handunnir gripir. Að lokum mun Ungmennafélagið Baldur vera með reiðhjólabrautarkeppni (hjól á staðnum) og aðra sveitalega leiki! Hoppukastali á staðnum.

Kl. 16:00 Þingborg: Skila þarf inn úrlausnum úr ratleik í Þingborg í síðasta lagi kl 16:00.

Gestir hátíðarinnar eru hvattir til að nýta sér þær gönguleiðir sem í sveitarfélaginu eru um helgina. Uppdrætti með merktum gönguleiðum má nálgast í félagsheimilum Flóahrepps alla helgina.

Nánar á www.floahreppur.is

Tamning, þjálfun og járningar

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í sumar. Er með aðstöðu í Kolsholti í Flóahrepp. Tek einnig að mér járningar. Er á hestabrautinni í FSU.

Nánari upplýsingar gefur Guðjón Sigurliði í síma 661-1880 eða 486-3332.

Frá Krakkaborg

Kæru sveitungar.

Eins og fram kom í síðasta pistli stóð til að ég, Karen Viðarsdóttir, tæki við af Fanneyju H. Kristjánsdóttur sem leikskólastjóri Krakkaborgar í júní. Sú breyting hefur orðið að ég tók við stöðunni þann 13. maí og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir sem aðstoðarleikskólastjóri. Við hlökkum til að takast á við verkefnin sem framundan eru og áframhaldandi góðs samstarfs við foreldra Krakkaborgarbarna.

Maímánuður hefur liðið hratt eins og oft vill verða á góðum stundum. Vorskólavíka elstu barna leikskólans gekk afskaplega vel enda hefur verið unnið markvisst í allan vetur að aðlögun þeirra að grunnskólastarfinu. Helsta markmið þess er að börnin hefji grunnskólagöngu sína full af sjálfstrausti og áhuga á að takast á við ný verkefni. Það gleður okkur mjög að sjá hversu tilbúin þau er til að taka þetta skref og hefja nám í Flóaskóla. Við erum heldur ekki frá því að þau hafi stækkað um nokkra sentímetra að lokinni vorskólavíkunni.

Þann 12. maí fórum við í okkar árlegu lambaferð og að þessu sinni lá leið okkar að Egilsstaðakoti. Það voru kát börn og full eftirvæntingar sem stigu út úr rútunum þegar komið var að fjárhúsinu. Nýfædd lömbin áttu hug þeirra allan og fengu þau að klappa þeim og skoða þau vel og vandlega. Ferðin tókst vel í alla staði og færum við bændunum í Egilsstaðakoti okkar bestu þakkir fyrir frábærar móttökur, um leið og við óskum þeim innilega til hamingju með þetta glæsilega ferðamanna-fjárhús.

Þegar þessi pistill er skrifaður stendur undirbúningur að Vorhátíð Krakkaborgar sem hæst. Mikil tilhlökkun er í húsi enda skemmtileg stund framundan hjá okkur með börnunum og fjölskyldum þeirra. Þann 3. júní förum við síðan í vorferð og að þessu sinni er stefnan tekin í skógarlundinn í Kolsholti. Þar sem við munum njóta náttúrunnar og bralla margt saman.

Með góðri sumarkveðju,

Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

Karen@floahreppur.is - Sími: 482-3085/gsm: 698-6148

Frá Flóaskóla

Þegar þetta er ritað er skóla lokið hjá nemendum og ekkert eftir nema skólaslitin sjálf en þau verða 2. júní í Þjórsárveri. Maímánuður flaug áfram hjá okkur í skólanum vegna mikilla anna og spennandi verkefna. Hápunkturinn hjá mörgum nemendum var rallkeppni sem haldin var við skólann, en hún var samstarfsverkefni smíðakennslu og umferðarverkefnis. Þeir Sigurgeir og Haukur höfðu veg og vanda af skipulagningu keppinnar þar sem lið nemenda úr 4.-7. bekk kepptu sín á milli á heimasmiðuðum kassabílum. Rallbrautin var um 2 km með hindrunum, hringtorgi og fleiri þrautum. Þó nokkuð margir áhorfendur mættu á rallkeppnina og virtust skemmta sér hið besta. Að sjálfsögðu var fyllsta öryggis gætt, allir keppendur notuðu hjálma og við nutum einnig aðstoðar lögreglunnar á Selfossi sem m.a. lokaði hluta Villingaholtsvegur í nokkrar mínútur.

Nemendur í 6.-7. bekk fóru síðustu vikuna í maí í Skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði. Þar fengu þeir lof fyrir frábæra frammistöðu, kurteisi og þrúðmannlega framkomu. Starfsfólkið okkar, þau Hulda, Haukur og Rúnar, fengu að sama skapi lof fyrir að vera nemendum frábærar fyrirmyndir og sinna störfum sínum af mikilli kostgæfni. Við í Flóaskóla óskum þessum frábæra hópi okkar til hamingju með lærdómsríka og skemmtilega skólabúðaviku og erum ákaflega stolt af þeim.

Gengið hefur verið frá ráðningu Jóhönnu Margrétar Eiríksdóttur í starf þroskaþjálfara við Flóaskóla. Jóhanna Margrét mun hefja störf 1. ágúst nk. Fyrir utan ráðningu Jóhönnu er ekki gert ráð fyrir miklum mannbreytingum og reiknað með að sömu umsjónarkennarar fylgi bekkjum yfir á nýtt skólaár.

Fyrir hönd nemenda og starfsfólks Flóaskóla þakka ég sveitungum okkar fyrir ánægjulegt samstarf og góð samskipti á nýliðnum vetri og hlakka til að halda því áfram á nýju skólaári. Ég óska þess að þrátt fyrir erfiða tíma í þjóðfélaginu geti skólastarfið áfram einkennst af metnaði og góðum árangri og að við munum áfram reka hér góðan skóla sem er hjarta samfélagsins.

*Með sumarkveðju, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.*

Fréttir frá Umf. Vöku:

Reiptogskeppnin nálgast

-Elín og Ingibjörg mætast!

Umf. Vaka ætlar stendur fyrir kvöldvöku á Fjöri í Flóa, nánar tiltekið föstudagskvöldið 5. júní kl 20:30 á útisvæðinu við Þjórásarver. Þar verður kveikt upp í grillum og hvetjum við fólk til að taka með sér eitthvað gott á grillið til að snæða. Þegar allir eru orðnir saddir er komið að hinni æsispennandi reiptogskeppni.

Á síðasta ári kepptu þeir Stefán Geirsson og Trausti Hjálmarsson og lið þeirra sín á milli. Eftir mikil átök var það lið Trausta sem hafði betur. Í ár eru höfðingjar reiptogslíðanna heldur ekki af verri endanum, en það eru kjarnakonurnar Elín Bjarnveig Sveinsdóttir í Egilsstaðakoti og Ingibjörg Einarsdóttir á Langsstöðum. eru þær stöllur kunnar fyrir allt annað en linkind, og má búast við að reiptogssveitir þeirra muni heyja harða keppni sín á milli. Í afrekaskrá Umf. Vöku kemur fram að Ingibjörg hefur náð betri árangri í flestum kastgreinum í gegnum tíðina, og m.a. kastað kúlu 46 sm lengra en Elín. Það er þó ekki víst að sá árangur muni fleyta liði Ingibjargar til sigurs, því Elín Bjarnveig er ekki von að gefa neitt eftir þegar reiptog er annars vegar. Fregnir herma að þær stöllur séu nú þegar komnar vel á veg að skipa í liðin og er óhætt að segja að spennandi keppni sé framundan.

Reiptog er ekki eina aflraunin sem keppt verður í þetta kvöld, en einnig fá vaskir menn og konur tækifæri til að keppa í steðjalyftu. Á svæðinu verður forlata steðji, ættaður frá Villingaholti og verður gestum boðið að reyna að lyfta steðjanum á nefinu með því að nota einungis aðra höndina. Í gegnum tíðina hafa margir reynt við steðjann og ekki allir haft erindi sem erfiði. Samkvæmt heimildum Umf. Vöku hefur einungis tveimur hraustmennum tekist að yfirbuga steðjann og eru það þeir Einar Helgi á Urriðafossi og Bói frá Önundarholti. Það verður því gaman að sjá hvort einhverjir ná að haggja steðjanum að þessu sinni. Það er óhætt að segja að þetta verði skemmtileg kvöldstund fyrir alla fjölskylduna. Heitt á kolunum, gott leiksvæði fyrir börnin og síðast en ekki síst, aflraunir upp á gamla máttann þar sem koma mun í ljós hver raunveruleg hreystimenni Flóahrepps eru. Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Úrslit af mótum:

Tveir Vökumenn gerðu góða ferð á Meistaramót Íslands í fjölþrautum sem fram fór í Þorlákshöfn 23. -24. maí sl. Bjarni Már Ólafsson varð Íslandsmeistari í tugþraut drengja með 4283 stig og Haraldur Einarsson varð annar í karlaflokki með 5115 stig. Árangur þeirra varð þessi:

	Bjarni Már	Haraldur
100 m	12,83 sek	12,43 sek
Langstökk	5,97 m	6,16 m
Kúluvarp	10,83 m (5,5kg)	9,66 m
Hástökk	1,73 m	1,73 m
400 m	59,26 sek	53,0 sek
110 m grind	17,47 sek (1,0m)	18,91 sek (1,06m)
Kringlukast	29,35 m (1,5kg)	28,40 m
Stangarstökk	2,80 m	2,60 m
Spjótkast	41,55 m	40,41 m
1500 m	5:46 mín	4:49 mín

16. maí: JJ-mót Ármanns

Haraldur Einarsson:	100m hlaup	11,64 sek	6. sæti
	400m hlaup	51,40 sek	1. sæti (Vökumet)

Héraðsmót HSK

sem átti að vera 9.-10. júní á Laugarvatni hefur verið **fært**. Það verður **23.-24. júní**, á Laugavatni og **byrjar kl 19.00** báða dagana.

Innanfélagsmót Umf. Vöku utanhúss

Fimmtudaginn 18. júní nk. verður haldið Innanfélagsmót Umf. Vöku í frjálsum íþróttum fyrir 14 ára og eldri. Mótið hefst klukkan 20:15. Greinarnar sem keppt verður í að þessu sinni eru eftirfarandi í karla- og kvennaflokki: Langstökk, kúluvarp og kringlukast. Við skorum á gamlar sem ungur frjálsíþróttakempur að koma og spreyta sig á þessu móti og ef ekki að keppa þá að koma og hjálpa til sem starfsmenn. Öllum er frjálst að koma og keppa þó mótið beri nafnið Innanfélagsmót.

Héraðsleikar HSK og aldursflokkamót HSK

verður haldið samhliða 27. júní í Þorlákshöfn. Mótið hefst kl 10. Skráning hjá Tómasi Karli s. 865-0526.

Tökum til!

Ágætu sveitungar. Á vorin er tími tiltektar og hreingerninga. Ungmennafélagið Vaka vill hvetja alla landeigendur að líta í kring um sig og tína rusl í vegköntum og annars staðar innan sinnar landareignar. Gerum sveitina okkar enn meira aðlaðandi með samstilltu átaki.

Flóðgáttin

Geir í Gerðum gat ekki orða bundist eftir lestur síðustu Flóðgáttar og lét í ljós eftirfarandi viðbrögð:

Í síðustu Flóðgátt gerir Ólafur í Forsæti sjálfan sig að yfir vísnaðómara og talar um að vanda sig, en eins og við báðir vitum þá mistekst mönnum stundum að vanda sig og á það við bæði í leik og starfi. Af þessum hugrenningum varð til þessi staka, Óla ætluð.

*Hagyrðinga þig í hópi tel,
þótt hógværd varla þrýði.
Báðir vanda skulum vel,
vísnaðgerð og smíði.*

Að lokum ein gerð fyrir 15 eða 20 árum.

*Hátt í lofti heyra má,
hávaða og læti.
Flóamenn sjá fljúga hjá,
fluggarpana For- úr sæti.*

Umsjónarmaður hvetur lesendur að senda inn kveðskap eða ábendingar um vísnaðsmíði í hreppnum sem hægt er að leita til. Eins er rétt að minna á hagyrðingabátt sem verður á kvöldvöku í Þingborg á Fjöri í Flóa.

Stefán Geirsson

Leikjanámskeið að hefjast

Leikjanámskeið ungmennafélaganna verður dagana 8.-19. júní n.k. Þátttaka er mjög góð eins og undanfarin ár. Þátttakendur mæti við Þjórásarver 8. júní kl. 13:00. Tekið verður við greiðslum í fyrsta tíma, en þátttökugjaldið er 2500 kr. á barn. Með von um gott námskeið.

Ungmennafélögin

Vörur á flóamarkaðinn!

Ágætu sveitungar.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps mun standa fyrir flóamarkaði í Félagslundi á „Fjöri í Flóa“. Því auglýsum við nú eftir vörum á markaðinn, það getur verið nánast hvað sem er, t.d. fatnaður á börn og fullorðna, skór, bækur og tímarit, geisladiskar, dvd-og videómyndir, leikföng, spil af ýmsu tagi, eldhúsdót, skrautmunir, og fl. Nú er tækifæri að losna við dótið sem ekki er notað lengur, öðrum kann að finnast það hinn mesti fengur. Aðeins verður tekið við vörum sem eru hreinar og heilar og það sem ekki selst verður sett á nytjamarkaðinn á Selfossi. Allur ágóði rennur til góðgerðarmála.

Tekið verður á mótí vörum í Félagslundi, föstudaginn 5. júní, kl. 13.00 -16.00 og að kvöldi sama dags, kl. 20.00-22.00.

Kvenfélagið.

17. júní í Félagslundi

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa sameiginlega fyrir dagskrá við Félagslund á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hátíðarhöldin hefjast kl. 12:30 á því grillaðar verða pylsur í mannskapinn í boði Samhygðar.

Umf. Samhygð stendur að vanda fyrir íþróttamóti fyrir börn 14 ára og yngri, keppt er í langstökki, spretthlaupi og hringhlaupi og fá allir viðurkenningu fyrir þátttöku. Að mótí lokni verður farið í ýmsa leiki og sem félögin skipuleggja saman. Boðið verður upp á andlitsmálun og seldar blöðrur.

Einnig verður hoppukastali á staðnum.

Kaffisamsæti er síðan í Félagslundi að lokinni útidagskrá og er fólk minnt á að taka með sér kökur á kaffiborðið. Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslundi.

Félögin

Frá Umf. Baldri

Frjálsíþróttæfingar

Nú fara frjálsíþróttæfingarnar hjá Umf. Baldri í **Einbúa** að byrja. Æfingarnar verða á þriðjudagskvöldum í allt sumar og mun fyrsta æfingin hefjast 9. júní. Þær verða frá kl 20:30 – 22:00. Rúnar Hjálmarsson mun taka að sér þjálfunina og verða allir krakkarnir saman á æfingum (5 ára og upp úr) en ef mætingin verður góð eins og við ætlum að vona munum við bæta við einum aðstoðarþjálfara.

Það er gaman að fást við skemmtileg verkefni í góðum félagsskap á fallegum sumarkvöldum í Einbúa. Ýmis verkefni eru framundan í sumar, mót heima og heiman og svo má búast við að starfið verði kryddað með fleiri viðburðum.

Íþróttanefnd Umf. Baldurs

Hreinsunardagur í Einbúa

Mánudaginn 15. júní kl. 20:00 ætlum við að hittast í Einbúa og gera hann flottan fyrir þjóðhátíðardaginn. Fólk er vinsamlegast beðið um að hafa með sér sláttuorf, hrífur og fleiri verkfæri sem það telur að hægt sé að nota. Meðal þeirra verkefna sem liggur fyrir þetta kvöldið er að koma upp nýjum hliðum inn á svæðið.

Mætið öll með góða skapið.

Stjórn UMF Baldurs og ræktunarnefnd

Fótboltaæfingar

Í sumar ætlar Ungmennafélagið að endurvekja fótboltaæfingar félagsins. Verða æfingar á sunnudagskvöldum klukkan 21:00 í Einbúa. Hvetjum við alla háa sem lága, konur sem karla eða bara alla sem langar að hreyfa sig, aðeins að mæta og nýta mörkin og svæðið sem við eigum.

Vorfundur Umf. Baldurs

Vorfundur Umf. Baldurs var haldinn 20. maí sl. Hópur ungmennafélaga kom saman og ræddi málefni félagsins vítt og breitt. Margt skemmtilegt er framundan í sumar s.s. 17. júní, íþróttamótin og framkvæmdir í Einbúa.

Fjórir nýir félagar voru teknir inn í félagið, þau eru:

Viðja Ágústsdóttir

Gabriel Ágústsson

Ketill Ágústsson

Við bjóðum þau hjartanlega velkomin í félagið.

Reiðtúr í Einbúa

Sunnudaginn 24. maí stóð Ungmennafélagið fyrir útreiðatúr og skemmtidagskrá í Einbúa. Þrátt fyrir slæma veðurspá og talsverða rigningu var mæting vonum framar. Farið var í ýmsa leik s.s. ratleik um svæðið. Grillaðar voru pulsar. Ungmennafélagið vill þakka öllum sem mættu fyrir komuna og vonar að þeir mæti líka að ári sem og þeir sem ekki komust í þetta skiptið en við ætlum að reyna að hafa þetta árlegt.

Kvennahlaup 2009

Tuttugasta kvennahlaup ÍSÍ verður haldið 20. júní í ár. Eins og undanfarin ár ætlum við að standa fyrir kvennahlaupinu hér í Flóahreppi en nú ætlum við að breyta um staðsetningu og hittast á hlaðinu í Mjósyndi og leggja upp þaðan kl. 11:00. Þáttökugjald er 1000 kr. og er innifalið bolur, verðlaunapeningur og hressing eins og undanfarin ár. Það væri gott, og myndi auðvelda málið mikið, að vita eitthvað um þátttöku fyrirfram, því það er erfitt að giska á að hafa boli fyrir alla í réttum stærðum. Endilega hafið samband þær sem vita hvort þær ætla að taka þátt, en það verður líka hægt að mæta beint í hlaupið. Hvet svo stelpur og konur á öllum aldri að vera með! Koma svo! Skráning í síma 863-9557 (Valgerður). Sjáumst hressar.

Með sumarkveðju,
Valgerður Gestsdóttir
framkvæmdaaðili
Kvennahlaups ÍSÍ í Flóahreppi.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Þann 19. júní ætlum við að fara út í óvissuna. Brottför áætluð klukkan 17:00 – 18:00. Nánari upplýsingar um tímasetningu við brottför.

Þátttaka tilkynnist til Helgu B. í síma 846-9320, Möggu E. 697-7217/482-1180 eða Ásdísar 698-1031 í síðasta lagi þriðjudaginn 16. júní.

Skemmtinefnd

Dagskrá í Tré og list á Fjör í Flóa

Laugardaginn 6. júní kl:14:00 verður málverkasýning Önnu Hrefnudóttur opnuð. Sýning Önnu heitir “Kona”

Við opnunina verður flutt lifandi tónlist og munu þekktir blúsarar koma og leika.

Nýir munir verða í safninu, m.a. stóri askurinn sem hefur verið um 2 ár í vinnslu hjá Siggu á Grund og Óla í Forsæti. Hann er óður til gömlu handverksmenningarinnar þegar fólk varð að bjarga sér með alla hluti.

Opið hús verður á verkstæði Óla og þar verður hægt að sjá hvernig hlutirnir verða til. Sigga á Grund verður þar við vinnu ásamt Óla.

Helgina sem Fjör í Flóa stendur er aðgangur kr. 500 að safninu.

Tré og list .is

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Vorfundur kvenfélagsins verður haldinn þann 10. júní á veitingastaðnum Árhús á Hellu og byrjar kl. 20:30.

Við munum byrja á því að fá okkur léttan kvöldverð sem inniheldur súpu og tilheyrandi á mjög sanngjörnu verði og að því loknu byrjar fundurinn.

Ýmis málefni verða til umræðu, m.a. nýafstaðið Fjör í Flóa.

Við vonumst eftir góðri þátttöku.

f.h. stjórnar, Sólveig á Skúflæk

Frá umhverfisnefnd Flóahrepps

Undanfarin tvö ár hefur Flóahreppur veitt umhverfisverðlaun í Flóahreppi til þeirra aðila sem þykja hafa skarað framúr eða staðið sig vel í umhverfismálum. Umhverfisnefnd sveitafélagsins hefur séð um val og framkvæmd á veitingu umhverfisverðlauna. Í sumar verður umhverfisnefndin á ferli um sveitina eins og undanfarin sumur til að finna verðugan vinningshafa fyrir árið 2009. Umhverfisnefnd mun einnig óska eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna frá íbúum sveitafélagsins, stjórnnum ungmenna-, kven og búnaðarfélaga sveitafélagsins. Nýlega voru samþykktar í sveitastjórn nýjar verklagsreglur fyrir nefndina vegna umhverfisverðlauna og segir þar m.a.:

Við val á aðilum varðandi umhverfisverðlaun er hægt að hafa margt til hliðsjónar, má þar m.a. nefna þetta:

Fyrirtæki og stofnanir:

Húsakosti vel við haldið, aðkeyrsla og aðkoma í góðu lagi, girðingar snyrtilegar og vel við haldið frumkvæði í upplýsinga- og fræðslumálum varðandi umhverfismál.

Einstaklingar og eða félagasamtök:

Hafa skarað fram úr í umhverfismálum og sýnt það í verki, frumkvæði í upplýsinga- og fræðslumálum varðandi umhverfismál, frumkvæði í skógrækt, trjárækt eða uppgræðsluverkefnum, hafa sinnt hreinsunarverkefnum eða hvatt til átaka til að fegra umhverfið

Heimili:

Húsakosti vel við haldið þurrt og hreint umhverfis húsakost, heimreið og aðkeyrslu vel við haldið, holulausir og hreinir kantar, girðingar snyrtilegar og vel við haldið, vélar og áhöld á ákveðnum stað, uppraðað á snyrtilegan hátt, vel hirtur heimagarður, skjólbelti eða skógarreitir, almenn snyrtimennska og alúð sýnileg við að fegra umhverfið.

Við hvetjum alla til að huga að sínu nánast umhverfi og taka til hendinni ef eitthvað má betur fara í þeim málum.

Hreint land, fagurt land.

Umhverfisnefnd Flóahrepps.

***Fallegir kettlingar fást gefins hjá Bjarna í Syðri Gróf,
s: 846-3411.***

17. júní í Þjórsárverri

17. júní í ár verður haldinn hátíðlegur með pomp og prakt eins og ávallt. Kl. 13 hefst íþróttamót krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60 m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400 m hlaupi. Þeir sem búa á félagssvæði Vöku keppa um farandverðlaunagripi en allir aðrir frískir krakkar mega auðvitað keppa með sem gestir.

Allir fá viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Eftir mótið stjórna kvenfélagskonur leikjum og öðru glensi. Fjallkonan ávarpar mannfjöldann og svo verður kaffi og meðlæti fyrir alla. Munið að taka með ykkur bakkelsi á veisluborðið. Að sjálfsögðu verður svo boðið upp á andlitsmálun og hoppukastalinn sívinsæli verður á sínum stað.

Ungmennafélagið Vaka

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Frá Umf. Samhygð

Timburhólagrill

Timburhólagrillið verður haldið föstudagskvöldið 26. júní. Kolin verða orðin heit upp úr kl. 19:30 og verða heit fram eftir kvöldi. Endilega fjölmennum og eignum notalega stund í Timburhólum en Skógræktardeildin hefur sett upp nýtt útigrill í rjóðrinu og bætt þar aðgengi að.

Samhygð

Haustballið

Verður haldið 26. september

Nefndin.

Íþróttæfingar Samhygðar og Vöku

Samhygð og Vaka hafa ákveðið að hafa sameiginlegar íþróttæfingar í sumar fyrir krakka. Æfingarnar verða á íþróttavellinum við Þjórsárver á þriðjudagskvöldum frá kl. 20:00 til 21:30. Þjálfari verður Ingibjörg Markúsdóttir en Hulda Kristjánsdóttir verður henni til afleysinga ef þörf er á. Vonandi fjölmenna krakkar á æfingarnar sem verða fjölbreyttar og skemmtilegar. Fyrsta æfing er 9. júní.

Samhygð og Vaka

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

Dagskrá mánaðarins

Móttaka fyrir Flóamarkað Félagslundu	5. júní
Fjör í Flóa	5.-7. júní
Fótbolti í Einbúa	7. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	9. júní
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	9. júní
Leikjanámskeið	8.-18. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshr.	10. júní
Fundur um lausagöngu búfjár	11. júní
Fótbolti í Einbúa	14. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	15. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	16. júní
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	16. júní
Þjóðhátíðardagurinn	17. júní
Innanfélagsmót Umf. Vöku	18. júní
Óvissuferð Kvenfélags Hraugerðishr.	19. júní
Kvennahlaupið	20. júní
Fótbolti í Einbúa	21. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	23. júní
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	23. júní
Héraðsmót í frjálsum	23.-24. Júní
Miðnæturmessu í Gaulverjabæjarkirkju	23. júní
Timburhólagrill	26. júní
Aldursflokkamót og Héraðsleikar	27. júní
Fótbolti í Einbúa	28. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	30. júní
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	30. júní
Landsmót UMFÍ á Akureyri	9.-12. júlí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160